

Alþingi
Erindi nr. P 136/2346
komudagur 7.5.2004



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Líffræðistofnun Háskólans
Óskju, Sturlugötu 7
101 Reykjavík
Sími: 525-4600
Bréfasími: 525 4069
Tölvufang: sigsnor@hi.is

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

5.05. 2004

Umsögn um frumvarp til laga um Þjóðgarðinn á Þingvöllum

Því miður reyndist ekki unnt að svara þessu erindi fyrir settan frest. Engu að síður vil ég að það komi fram að ég er almennt ánægður með frumvarpið. Ég sé ekki ástæðu til að gera einstakar athugasemdir við frumvarpið utan þá að fyrsta setning 1. gr. er einkennilega orðuð.

Sem áhugamaður um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess og sem vísindamaður sem sótt hefur drjúgan hluta af rannsóknarefni sínu til vatnsins hlýt ég að fagna því mikilvæga skrefi sem hér er stigið. Þá vil ég einnig lýsa yfir ánægju með að nú skuli vera í bígerð sérstakt frumvarp um verndun Þingvallavatns eins og segir í athugasemdum við frumvarp það er hér er til umsagnar.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Sigurður S. Snorrason'.

Sigurður S. Snorrason
Forstöðumaður Líffræðistofnunar Háskólans